

Hin dönsku áhrif.

Grétar Fells mótmælir því i „Visi“ í kvöld (15. 1.) að eg hafi rétt fyrir hvað hin svonefnda ihugun (meditation) guðspekinema sé. Það sem G. F. sagði um það hvernig hugsanirnar færu að koma er menn iðkuðu þá æfingu, bendir þó mjög í þá átt að skýring mína sé rétt. En þrátt fyrir það kemur mér ekki til hugar að neita því, að stundum, og fyrir sumum, kunni æfing þessi sem þeir nefna ihugun að vera sama sem rækileg umhugsun eða hugleiðing. Að því er framburð G. F. á orðinu „lif“ snertir, hygg eg að hver sem vit hefir á hljóti að vera mér sammála. Eg átti vitanlega ekki við það að „f“ væri borið fram sem „v“. — Hin dönsku áhrif á íslenskt mál eru um þessar mundir svo sterk, að enginn sem er ekki alveg áhugalaus um þau efni, getur komist hjá því að taka eftir þeim. Það er jafnvel eins og sumir séu alveg að gefast upp við að rita íslenskt mál eða þyki beinlinis gaman að því að rita sem óíslenskulegast. En það er vist, að íslensk menning getur ekki átt glæsilega framtíð í vændum ef málinu verður látið hraka likt og varð á 17. og 18. öld, eða jafnvel ennþá ver. Mátt-

ur norraennar tungu er mikill, svo mikill, að eg tel vist að hagur Norðurlanda mundi nú standa með meiri blóma, og áhrif þeirra á gang heimsviðburðanna væru meiri og heilla-vænlegri, ef ekki hefðu útlend áhrif náð að spilla máli Norðurlandaþjóðanna eins og raun varð á, heldur gengi, eins og endur fyrir löngu, hið sama mál yfir öll Norðurlönd, eða með ekki meiri afbrigðum en það, að hver þjóðin skildi að veldlega aðra. En því fer fjarri að svo sé nú, og erfíðleikarnir í þeim efnunum virðast fara vaxandi.

Helgi Pjeturs.

Útsíð 1. febr. 1939